

**Skólasóknarreglur Borgarbyggðar**  
**Vegna veikinda og leyfa.**

<b>Fjarvistardagar</b>	<b>Verklag gildir fyrir skólaárið 180 daga.</b>
<b>0-9 dagar</b>	<b>Nemendur fá hrós fyrir góða mætingu</b>
<b>10-14 dagar</b>	<p><b>Forstig:</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. UK hringir í foreldra og athugar hvort eðlilegar skýringar liggi að baki veikindanna eða leyfa.</li> <li>2. Ef ekki eru uppi áhyggjur af náms- eða félagslegri stöðu barnsins innan skólans vegna fjarveru, er ekki þörf á frekara inngrípi. Fjarvistir eru til skráðar í mentor og verða teknar til endurskoðunar ef nemandi nær aftur 10-14 dögum.</li> <li>3. Ef áhyggjur eru af náms- eða félagslegri stöðu barnsins metur skólastjóri/aðstoðarskólastjóri hvort skólaforðunarferli fer í gang (viðbragðsstig)</li> <li>4. Póstur sendur af umsjónakennara á forsjáaðila þar sem næstu skref eru kynnt (viðbragðsstig)</li> </ol>
<b>15 - 18 dagar</b>	<p><b>Viðbragðsstig</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Umsjónakennari viðkomandi nemanda boðar foreldra og nemanda á fund ásamt deildastjóra stigs. Vandi greindur og fundnar lausnir s.s. <b>mætingasamningur gerður</b> (fer eftir aldri). Umsjónakennari er ábyrgðaraðili og fylgir málinu eftir á öllum stigum.</li> <li>2. Eftir 18 fjarvistardaga; útbýr umsjónakennari í samstarfi við deildastjóra stigs tilkynningu til lausnateymis og samþykkis aflað hjá foreldrum.</li> </ol>
<b>19-29 dagar</b>	<p><b>Hættustig</b></p> <p>Deildastjóri er ábyrgur fyrir málinu en umsjónakennari er áfram með honum í málinu og er tengiliður við heimilið og nemandann.</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Lausnateymi eða nemendavernd fjallar um erindið og setur af stað aðgerðaáætlun.</li> <li>2. Deildastjóri viðkomandi stigs boðar foreldra og nemanda á fund ásamt umsjónakennara og náms- og starfsráðgjafa. Gerðar frekari greiningar og tillögur um frekari aðgerðir til að bæta skólasóknina.</li> <li>3. Visað til frekari úrvinnslu hjá fjölskyldusviði (skoðuð möguleg samþætting) sem metur þörfina á aðkomu viðeigandi sérfræðinga s.s. atferlisfræðing og/eða fjölskylduráðgjafa.</li> <li>4. Ef ekki eru áhyggjur af náms- eða félagslegri stöðu barnsins er það metið í samráði við nemendavernd hvort tilkynna eigi málið sem barnaverndarmál. Tilkynning til barnaverndar gerð af skóla (skólastjóri) ef áhyggjur eru til staðar og forsjáraðilum kynnt það (eftir 29 fjarvistar daga)</li> </ol>
<b>30 dagar eða fleiri</b>	<p><b>Barnaverndarstig</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Haldið áfram með fyrri úrræði</li> <li>2. Tilkynningarfundur hjá barnavernd er innan 7 daga frá því að tilkynning berst sem tekur ákvörðun um könnun tilkynninga.</li> <li>3. Ef mál er samþykkt í könnun þá er því úthlutað til barnaverndarstarfsmanns (eins fljótt og mögulegt er)</li> <li>4. Viðtal við foreldra, kallað eftir upplýsingum frá helstu stofnum s.s. skólam og heilsugæslu. Mögulegt samstarf við skóla og málið sett í meðferðaráætlun/aðgerð í framhaldinu. Fundargerð unnin af barnaverndinni. Könnun máls í barnavernd getur tekið allt að 4 mánuði. Greinagerð um könnun, máli lokað eða gerð meðferðaráætlun.</li> </ol>



	<ol style="list-style-type: none"><li>5. Meðferðaráætlun gerð af barnaverndarstarfsmanni t.d. aðkoma meðferðaraðila/sálfræðings, fjölskylduráðgjöf, sjúkrakennsla, PMTO meðferð, tilsjón, MST, fóstur o.fl. sett í gang í samvinnu forsjáraðila/skóla.</li><li>6. Eftirfylgnifundur/teymisfundur barnaverndar með forsjáraðilum og skóla.</li><li>7. Markmiði náð máli lokað.</li></ol>
--	---



**BORGARBYGGÐ**